

## Um Matéo Maximoff

Matéo Maximoff er einn þekktasti höfundur Rómafólks af sinni kynslóð.<sup>1</sup> Hann fæddist á Spáni árið 1917 en fór með fjölskyldu sinni til Belgíu og síðan til Frakklands þar sem hann settist að í nágrenni Parísar. Fjórtán ára gamall varð hann munaðarlaus og þurfti að sjá fyrir systkinum sínum, m.a. með því að gera við og þvo potta og pönnur. Hann var í fangabúðum fyrir flökkufólk í Frakklandi um nær þriggja ára skeið og barðist lengi fyrir opinberri viðurkenningu á þjóðarmorði á Rómafólki í síðari heimsstyrjöld. Fyrstu skáldsögu sína skrifaði hann í fangelsi en hún kom út árið 1946. Maximoff rak kaffihús og vann með ýmsum þekktum ljósmyndurum og kvikmyndagerðarmönnum um árabil. Hann ferðaðist og tók mikið af ljósmyndum af Rómafólki víða um lönd og gaf þær út í bókinni *Les Gens du voyage* (Flökkufólk) árið 1995.

Matéo Maximoff gekk aldrei í skóla og lærði sjálfur að lesa og skrifa. Hann samdi ljóð, skráði fjölmargar munnmælasögur og byggði flest ef ekki öll skáldverk sín á menningu Rómafólks. Hann var alla tíð ötull baráttumaður fyrir réttindum Rómafólks og viðurkenningu á tungumáli þeirra og menningu. Flest verk sín gaf hann út sjálfur, samtals átta skáldsögur og eitt smásagnahefti. Í sumum skáldverka sinna sækir hann innblástur í eigið líf en segir einnig frá ævi sinni og fjölskyldu sinnar í tveimur bókum: *Ce monde qui n'est pas le mien* (*Þessi heimur sem ég þekki ekki*, 1992) og *Routes sans ruelles* (*Vegir án vagna*, 1993). Maximoff samdi nánast öll skáldverk sín á frönsku. Hann lést árið 1999.

1 Nánar er sagt frá ævi og ritverkum Matéos Maximoff í greininni „Sjálfsmynd, framandleiki og tungumál í verkum Matéos Maximoff: rómíska í íslenskum þýðingum“ sem finna má í þessu hefti *Milli mála*, bls. 111–133.

Sagan sem hér birtist í íslenskri þýðingu kom út árið 1986 í smásagnasafninu *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur* (Brúða Mameligu. Bók óttans). Þar er að finna hrollvekjandi sögur um drauga og afturgöngur af ýmsu tagi sem gjarnan voru sagðar þegar vakað var yfir líkum.